

Júlí 2019



Ársskýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 2018

| **Stjórnarráð Íslands**

| Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Efnisyfirlit

Starfsemi ráðuneytisins	3
Málefnasvið	5
Málaflokkar	8
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	9
Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málefnasvið 06	10
Sveitarfélög og byggðamál Málefnasvið 08	13
Samgöngu- og fjarskiptamál Málefnasvið 11	17
Yfirlit um ráðstöfun varasjóða ásamt skuldbindandi styrk- og samstarfssamningum	24
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	25

Starfsemi ráðuneytisins

Verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, fjarskipti, grunnskrár, póstpjónustu, netöryggi og sveitarstjórnar- og byggðamál.

Löng hefð er fyrir stefnumótunarstarfi og áætlanagerð í ráðuneytinu. Ráðuneytið hefur sett sér skýra framtíðarsýn og þá er það stefna ráðuneytisins að samræma stefnur og áætlanir í öllum málaflokkum sínum þannig að þær myndi eina samþætta heild til framtíðar. Með samræmingu og samþættingu gefst tækifæri til að bæta nýtingu fjármuna, auka gagnsæi og efla samvinnu innan málaflokka með sameiginlegum aðgerðum.

Framtíðarsýn ráðuneytisins | Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Ráðuneytið hefur gefið út sérstakt ársrit fyrir árið 2018 með inngangi ráðherra og ráðuneytisstjóra. Í ársritinu er fjallað ítarlega um starfsemi ráðuneytisins og helstu verkefni þess á árinu. Þar er umfjöllun um framtíðarsýn ráðuneytisins, stefnumótun þess og samræmingu áætlana. Sérstakir kaflar eru um samráð og samstarf, stofnanir, þingmál og úrskurði svo nokkuð sé nefnt.

Í ársritinu er sú nýjung að þar er birtur listi yfir 25 stefnumál ráðherra sem unnið verður að á kjörtímabilinu í takt við stjórnarsáttmála og stefnu og áætlanir ráðuneytisins í málaflokkum þess.

[Skoða ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins \[PDF\]](#)



Stjórnarmálefni ráðuneytisins

Stjórnarmálefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skipast milli 7 mála-
flokka á 4 málefnasviðum en þau eru:


- Málefnasvið 6 – Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.
- Málefnasvið 8 – Sveitarfélög- og byggðamál.
- Málefnasvið 11 – Samgöngu- og fjarskiptamál
- Málefnasviði 29 – Fjölskyldumál.

Síðastnefnda málefnasviðið er á forræði félagsmálaráðuneytisins en einn fjár-
lagaliður, þ.e. meðlög skv. lögum nr. 76/2003, er á forræði samgöngu- og sveitar-
stjórnarráðherra. Um er að ræða svokallaðan gegnumstreymislið sem ráðuneytið
hefur litla aðkomu að og verður því ekki umfjöllun um það svið.

Rekstur og fjárfestingar

Myndin sýnir raunútgjöld málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir
samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Raunútgjöld málefnasviða í heild voru
72.432 m.kr.

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2018



Fjárhæðir í milljónum króna

Málefнасvið

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málefнасvið 6

Starfsemi á málefнасviði 6 er á ábyrgð fjögurra ráðherra; samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Undir sviðið heyrir einn málaflokkur sem ber heitið Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.

Á málefнасviðinu eru þrjár stofnanir og einn verkefnaíður, þ.e. Þjóðskrá Íslands sem heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Hagstofa Íslands sem heyrir undir forsætisráðherra, Landmælingar Íslands sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra og málefni upplýsingasamfélagsins sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Þeim málefnum sem eru á hendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sinnir Þjóðskrá Íslands, en þau eru nánar tiltekið:

- Miðlun upplýsinga og rekstur á grunnskrám um mikilvæg réttindi.
- Rafrænar lausnir, netöryggi, upplýsinga- og þjónustuveitur og útgáfa skilríkja.

Fjárheimild til rekstrar á málefнасviði 6 nam alls 1.085 m.kr. á árinu 2018. Hefur þá verið tekið tillit til jákvæðs höfuðstóls frá árinu 2017. Útgjöld ársins að frádregnum sértekjum og öðrum rekstrartekjum voru hins vegar 1.034 m.kr. Málefнасviðið var þannig 50 m.kr. undir fjárheimild, eða sem nemur 5%.

Sveitarfélög og byggðamál Málefнасvið 8

Starfsemi á málefнасviði 8 er á ábyrgð tveggja ráðherra; samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Skiptist málefнасviðið í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Framlög til sveitarfélaga.
- Byggðamál.

Undir málefнасviðið fellur starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Byggðastofnunar, byggðáætlunar og sóknaráætlana landshluta, jöfnunarsjóðs flutningskostnaðar og flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, en þessir málaflokkar eru á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Skipulagsmál sveitarfélaga heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra.

Rekstrarútgjöld á málefнасviði 8 námu 21.300 m.kr. og voru 394 m.kr., eða 2%, undir fjárheimild ársins.

Samgöngu- og fjarskiptamál Málefнасvið 11

Starfsemi á málefнасviði 11 er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Samgöngur.
- Fjarskipti, netöryggi og póstmál.
- Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Stofnanir samgöngumála eru Samgöngustofa, Vegagerðin og Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Að auki vinnur Isavia náð með samgönguyfivöldum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála og starfrækir netöryggissveitina CERT-IS. Íslandspóstur sinnir alþjónustu í pósti á Íslandi og starfar samkvæmt skuldbindingum í alþjóðasamningum. Fjarskipta-sjóður styrkir uppbyggingu fjarskiptainniða utan markaðssvæða.

Á málefnasviði 11 námu rekstrarútgjöld alls 26.259 m.kr. og voru 387 m.kr., eða 1%, yfir fjárheimild. Þá námu fjárfestingarútgjöld 23.505 m.kr. Fjárfestingarframlög voru á hinn bóginn nokkuð hærri, eða samtals 25.874 m.kr. Að langstærstu leyti er um að ræða fjárfestingarframlög til Vegagerðarinnar. Við framangreint bætist síðan jákvæður höfuðstóll frá fyrra ári að fjárhæð 2.695 m.kr. Jákvæður höfuðstóll nam þannig samtals 5.064 m.kr. á málefnasviðinu í árslok 2018, en framkvæmdakostnaður Vegagerðarinnar færir í samræmi við verkframvindu.

Fjölskyldumál Málefnasvið 29

Útgjöld á málefnasviði 29 námu 286 m.kr. og voru um 6 m.kr. undir fjárheimild, eða sem nemur 2,0% hlutfallslega.

Í eftirfarandi töflu eru málaflokkar þeirra málefnasviða sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflökkum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið á hlutdeild í. Taflan sýnir raungjöld og tilfærslur í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við fjárheimildir ársins 2018.

Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar

Málaflokkar - rekstur og tilfærslur án fjárfestinga	Raun- útkoma	Fjárlög 2018	Fjár- auka- lög	Milli- færslur	Afskr. framlag og endurmat	Höfuð- stóll fyrra árs	Fjár- heimild alls	Frávik	Frávik
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.034	987			42	56	1.085	50	5%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.034	987			42	56	1.085	50	5%
08 Sveitarfélög og byggðamál	21.300	21.498				197	21.694	394	2%
0810 - Framlög til sveitarfélaga	19.348	19.582					19.582	233	1%
0820 - Byggðamál	1.952	1.916				197	2.113	161	8%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	26.259	15.275	594	10	10.039	-47	25.872	-387	-1%
1110 - Samgöngur	23.883	13.151	526		10.023	-386	23.313	-570	-2%
1120 - Fjarskipti, netöryggi og póstmál	1.667	1.380			12	339	1.732	65	4%
1130 - Stjórnsýsla samgönguráðuneytis	709	744	69	10	4		827	118	17%
29 Fjölskyldumál	286	292					292	6	2%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	286	292					292	6	2%
Samtals málefnasvið / málaflokkar	48.879	38.051	594	10	10.081	206	48.942	64	0%

Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfesting – málaflokkar

Málaflokkar - fjárfesting	Raun- útkoma	Fjárlög 2018	Fjár- auka- lög	Milli- færslur	Höfuð- stóll fyrra árs	Fjár- heimild alls	Frávik	Frávik
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	48	29				29	-19	-39%
1110 - Samgöngur	23.494	22.166	44	3.650	2.695	28.555	5.061	22%
1120 - Fjarskipti, netöryggi og póstmál	9	11				11	2	23%
1130 - Stjórnsýsla samgönguráðuneytis	2	4				4	1	44%
Samtals málaflokkar	23.553	22.210	44	3.650	2.695	28.599	5.045	21%

Fjárhæðir í milljónum króna

Málaflokkar

Einn málaflokkur heyrir undir málefnasvið 6 en það er 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Málaflokkurinn var 50 m.kr., eða 5%, undir fjárheimild. Einungis ein stofnun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins heyrir undir málaflokkinn, þ.e. Þjóðskrá Íslands.

Á málefnasviði 8 eru tveir málaflokkar, þ.e. 8.1 Framlög til sveitarfélaga og 8.2 Byggingamál. Rekstrarútgjöld fyrrnefnda málaflokksins voru 233 m.kr. eða 1% undir fjárheimild. Síðari málaflokkurinn var 161 m.kr. undir fjárheimild, sem skýrist af yfirfluttum, jákvæðum höfuðstól á fjárlagaliðnum byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta. Höfuðstóllinn er vegna skuldbundinna verkefna sem geta náð yfir nokkurra ára tímabil.

Þrjú málaflokkar heyra undir málefnasvið 11 en þeir eru, sem fyrr segir, 11.1 Samgöngur, 11.2 Fjarskipti, netöryggi og póstmál og 11.3 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis. Rekstrarútgjöld málaflokks 11.1 námu 23.883 m.kr. sem er um 570 m.kr., eða 2%, yfir fjárheimild. Á hinn bóginn voru fjárfestingarútgjöld líðlega 5 ma.kr. undir fjárheimild eins og áður hefur verið greint frá. Ríkisstjórnin ákvað að veita 3.650 m.kr. úr almennum varasjóði A-hluta til viðhalds á vegakerfinu.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.2 námu 1.667 m.kr. og voru 65 m.kr., eða 4%, undir fjárheimild. Frávik skýrast aðallega af jákvæðum höfuðstól fjarskiptasjóðs í árslok 2018 vegna skuldbundinna verkefna sem ná yfir nokkurra ára tímabil.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.3 námu 709 m.kr. og voru 118 m.kr., eða 17%, undir fjárheimild síðasta árs. Tekjuafkoma aðalskrifstofu ráðuneytisins var jákvæð um 26 m.kr. á árinu 2018. Þá skilaði fjárlagaliðurinn 10-190 Ýmis verkefni um 83 m.kr. tekjuafgangi. Af þeirri fjárhæð skýrast 29 m.kr. af skuldbundum verkefnum íslenska upplýsingasamfélagsins, en auk þess var veitt fjármagni til tveggja verkefna á fjárukalögum að fjárhæð 45,8 m.kr. á grundvelli ríkisstjórnarsamþykktar.

Undir málaflokk 29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn heyrir eitt fjárlagaviðfang sem er á forræði ráðuneytisins, þ.e. 10-190-118 Meðlög samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003. Útgjöld námu um 286 m.kr. og voru 6 m.kr., eða 2,0%, undir fjárheimild. Um er að ræða lögbundin útgjöld vegna meðlagsgreiðenda sem búsettir eru erlendis.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með forræði. Stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða á árinu.

Árangursmælingar markmiða sýna viðmið fyrir 2018 og raun niðurstöðu í árslok 2018. Einnig er sýnd þróun mælinga frá 2017 til samanburðar. Í töflunum hér á eftir eru notaðir litir fyrir aðgerðirnar til að sýna framgang þeirra. Rétt er að benda á að um getur verið að ræða aðgerð eða aðgerðahluta ef verkefnið nær yfir meira en eitt ár.

Um þróun markmiða og mælikvarða

Breytingar geta hafa orðið á markmiðum og mælikvörðum milli fjármálaáætlana síðustu ára þar sem efnið er í þróun og áherslur geta breyst milli ríkisstjórna. Gerð er grein fyrir, eftir atvikum, breytingum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlun. Í skýrslunni eru notaðir nýjustu mælikvarðar hverju sinni.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og uppl.			1		2	3
8.2 Byggðamál	2	1			7	10
11.1 Samgöngur	1	1	3	8		13
11.2 Fjarskipti, netöryggi og póstmál		2	1	2		5
	Samtals aðgerðir					
	1	2	5	4	19	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Málefnasvið 06

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Fjögur markmið eru skilgreind fyrir málaflokk 06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Aðeins verður fjallað um það markmið sem snýr að verkefnum ráðuneytisins sem er númer 4:

1. Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsi-gögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.
2. Ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunngerðar landupplýsinga á Íslandi.*
3. Auka framboð stafrænnar þjónustu.
4. Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 06.1

Það markmið sem snýr helst að starfsemi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er markmiðið um að koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

Töluvert ávannst á árinu í þessum efnunum. Breytingar voru innleiddar í þjóðskrárkerfið vegna gildistöku laga um lögheimili og aðsetur og hafa u.þ.b. 50% einstaklinga á Íslandi verið skráðir niður á íbúðir. Áhersla hefur verið á að nota sem mest rafræna þjónustu. Á árinu jókst hlutfall vottorða og tilkynninga úr þjóðskrá og fasteignaskrá, sem birt eru með rafrænum hætti, og er nú hlutfallið 30% rafræn ef skoðað er eftir tegundum vottorða og 70% ef skoðað er eftir fjölda vottorða. Ný rafræn gátt var sett á laggirnar á árinu fyrir skráningu fólks af erlendum uppruna til að verða við kröfum um þjónustu vegna aukins innflæðis vinnuafis, m.a. á byggingarmarkaði og í ferðaþjónustu, sem og aukins streymis flóttamanna. Þá var unnið töluvert með fjölskylduvensl á „mínum síðum“ á Ísland.is. og nú birtast þar vensl allra barna 17 ára og yngri.

Í málefnum fasteignaskrár hefur mikið áunnist og er nú hægt að sjá 55.663 hnitsettar landeignir í landeignaskrá sem er ríflega 50% allra landeigna.

Þá var einnig var nýtt vegabréfkerfi innleitt þar sem uppfylla þurfti SAC- og SPOC-kröfur Schengen-samstarfsins.

Úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja ríkisstofnana og sveitarfélaga, sem gerð var árið 2017, var fylgt eftir 2018 þar sem úrbóta var þörf samkvæmt fyrri

* Samkvæmt [INSPIRE-tilskipuninni](#)

úttekt. Í kjölfarið var sérhverri stofnun boðinn stuðningur við að fylgja eftir leiðum til úrbóta. Þá var einnig haldið námskeið um netöryggisfræði, sem var sótt af stjórnendum, lögfræðingum, sérfræðingum og háskólanemendum.

Í ársbyrjun 2018 var undirritaður samningur á milli Stjórnarráðsins og Póst- og fjarskiptastofnunar um netöryggisþjónustu (svokallaða GovCERT-þjónustu) netöryggissveitar stofnunarinnar við Stjórnarráðið með það að markmiði að styrkja stjórnsýsluna til að verjast öryggisatvikum og takast á við netárásir og hliðstæðar ógnir. Þá voru haldnir ýmsir kynningarfundir yfir árið um netöryggi, ýmist á vegum ráðuneytis eða í samvinnu við aðra.




MARKMIÐ 4

Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Endurnýjun helstu grunnskraá ríkisins svo að þær verði tæknilega og rekstrarlega færar um að mæta síbreytilegum nútímakröfum.	Þjóðskrárkerfi stenst ekki nútímakröfur. Lögheimili einstaklinga eru m.a. ekki skráð á íbúð.	Í árslok 2018 verða einstaklingar skráðir niður á íbúðir og upplýsingar um fjölskylduvensl og forsjá aðgengilegar til að koma til móts við þarfir samfélagsins og draga úr ríkisútgjöldum.	Breytingar innleiddar í þjóðskrárkerfið vegna gildistöku laga um lögheimili og aðsetur og undirbúningur fyrir skráningar lögheimilis niður á íbúðir kominn vel á veg.
Viðbúnaður vegna vaxandi netglæpa.	Úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja gerð 2015 og 2017. Könnun á öryggi upplýsinga, kerfa og neta hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum lauk 2016. Úttekt Oxford-háskóla á stöðu netöryggismála á Íslandi var gerð 2017.	Námskeið, fræðsluefni, kröfur og viðmið fyrir opinber kerfi kynnt og aðstoð í boði 2017 og 2018. Könnun á öryggi upplýsinga, kerfa og neta hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum fylgt eftir 2018.	Námskeið, fræðsluefni, kröfur og viðmið fyrir opinber kerfi kynnt og aðstoð í boði 2018 og 2019. Aðgerðaáætlun unnin til að bregðast við ábendingum í Oxford-skýrslunni og innleiða endurskoðaða stefnu í netöryggismálum.

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Hönnun á nýju þjóðskrárkerfi og viðhald á núverandi vinnslukerfi þjóðskrár. Hefja nánari skráningu og miðlun upplýsinga um búsetu einstaklinga.	 Breytingar voru innleiddar í þjóðskrárkerfið vegna gildistöku laga um lögheimili og aðsetur og u.þ.b. 50% einstaklinga á Íslandi hafa verið skráðir niður á íbúðir.
Endurnýjun á framleiðslukerfi vegabréfa ásamt nýjum vegabréfabókum.	 Undirbúningur og innleiðing fyrir nýtt vegabréfakerfi fór fram.
Kannanir, fræðsluefni, námskeið og ráðgjöf og tæknilegur búnaður varðandi net- og upplýsingaöryggi og persónuvernd.	 Könnun/úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja ríkisstofnana og sveitarfélaga. Fylgt eftir með ráðgjöf um leiðir til úrbóta. Haldið var námskeið um netöryggisfræði og ýmsir kynningarfundir um netöryggi voru haldnir. Þá var undirritaður samningur á milli Stjórnarráðsins og Póst- og fjarskiptastofnunar um netöryggisþjónustu (svokallaða GovCERT-þjónustu) netöryggissveitar stofnunarinnar við Stjórnarráðið. Einnig hefur verið þróuð vefgátt til að tilkynna um öryggisbresti. Áætlað er að gáttin verði komin í notkun á miðju ári 2019.

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmið 4:

- Hlutfall vottorða og tilkynninga úr þjóðskrá og fasteignaskrá sem birt eru með rafrænum hætti jókst á árinu og er nú hlutfallið 30% rafræn ef skoðað er eftir tegundum vottorða og 70% ef skoðað er eftir fjölda vottorða.
- Ný rafræn gátt var sett á laggirnar á árinu fyrir skráningu fólks af erlendum uppruna til að verða við kröfum um þjónustu vegna aukins innflæðis vinnu- afls, m.a. á byggingarmarkaði og í ferðaþjónustu, sem og aukins streymis flóttamanna.
- Fjölskylduvensl allra barna 17 ára og yngri birtast nú á „mínum síðum“ á Ísland.is.
- Nú er hægt að sjá 55.663 hnitsettar landeignir í [landeignaskrá](#), sem er ríflega 50% allra landeigna.
- Þjóðskrá Íslands hefur mótað [stefnu 2019–2021 ásamt aðgerðaáætlun](#) um miðlun upplýsinga.

Sveitarfélög og byggðamál Málefnasvið 08

Framlög til sveitarfélaga

Skilgreint meginmarkmið fyrir málaflokk 08.1 Framlög til sveitarfélaga er samkvæmt meginstefnu Íslenskra stjórnvalda að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Meginmarkmið varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er einföldun regluverks, þróun útgjaldamælinga í því skyni að bæta jöfnunaráhrif framlaga sjóðsins og fá betri yfirsýn yfir starfsemi hans.

Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 08.1

Unnið var með tillögum um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs á árinu. Markmið með endurskoðun er m.a. að einfalda regluverk, auka gæði jöfnunar, stuðla að markvissari jöfnun og auka gagnsæi um forsendur úthlutunar. Um var að ræða tvær megentillögur sem eru annars vegar breytingar á núverandi kerfi og hins vegar nýtt líkan sem er hugsað sem grunnur að framtíðarjöfnunarframlagi sjóðsins.

Þá var á árinu fest í lög að móta eigi í eina áætlun stefnumörkun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Sveitarstjórnarlögum hefur verið breytt á þann veg að ráðherra málaflokksins leggi að minnsta kosti á þriggja ára festi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á þessu sviði. Í kjölfar samþykkis laganna fór af stað undirbúningur fyrir stefnumótunina.

Árangursmælingar markmiða

Mælikvarðar fyrir málaflokk 08.1 Framlög til sveitarfélaga verða skilgreindir í stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Byggðamál

Í byggðaáætlun eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 08.2 Byggðamál. Áhersla er á að í öllum landshlutum verði öflug sveitarfélög, blómlegar byggðir og sterkir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi. Sérstök áhersla er lögð á að hlúa að svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Markmiðin eru:

1. Jafna aðgengi að þjónustu.
2. Jafna tækifæri til atvinnu.
3. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.

Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 08.2

Stórt skref náðist í byggðamálum á árinu þegar ný byggðaáætlun var samþykkt einróma á Alþingi. Settar eru fram 47 áherslur sem leiða margar, en ekki allar, til aðgerða, sumar fleiri en einnar. Aðrar áherslur eru til samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum. Vinna við mótun byggðaáætlunar byggist á víðtæku, opnu og vel heppnuðu samráðsferli allra ráðuneyta, Byggðastofnunar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga og fleiri haghafa. Byggðaáætluninni er ætlað að stuðla að jákvæðri þróun byggða og efla samkeppnishæfni þeirra sem og landsins alls. Er það meðal forgangsverkefna ráðuneytisins að tryggja skilvirka og árangursríka framkvæmd hennar. Skammt er liðið á gildistíma áætlunarinnar, en flestum aðgerðum hennar hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd. Þar má nefna samkeppnisframlög til þriggja aðgerða, sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða, stuðning við verkefni til uppbyggingar fjarvinnslustöðva og verslun í strjálbýli. Til að styðja betur við framkvæmd byggðaáætlunar var skipuð valnefnd og ráðherra gaf út úthlutunarreglur sem ætlað er að tryggja jafnræði, hlutlægni og gagnsæi við úthlutun og umsýslu samkeppnisstyrkja og framlaga á grundvelli byggðaáætlunar.

Stór áfangi náðist í markmiðinu um aukinn stuðning við svæði þar sem verið hefur langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf þegar tvö byggðarlög voru útskrifuð úr verkefninu Brothættar byggðir en lagt var upp með að ná mælanlegum árangri samkvæmt árangursmælikvörðum hvers verkefnis þannig að viðsnúningur yrði sýnilegur. Samstarfstíminn er fjögur til fimm ár í hverju byggðarlagi. Í árslok 2018 voru sex verkefni í gangi og unnið að því að bæta einu byggðarlagi við. Mælanlegur árangur þeirra byggðarlaga sem hafa verið þátttakendur lengst sést m.a. af því að langvarandi fólksfækkun þar hefur stöðvast og aldursdreifing jafnast.

MARKMIÐ 1

Jafna aðgengi að þjónustu

Mælikvarði	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall lögheimila/fyrirtækja í dreifbýli með aðgang að ljósleiðaratengingu.*	30%	76%	76%

Aðgerðir	Framkvæmt 2018
Stuðningur við innviðauppbýggingu á svæðum sem standa höllum fæti, s.s. ljósleiðaravæðingu, orkuskipti o.fl.	Gerðir voru 15 samningar um sérstaka byggðastyrki í tengslum við verkefnið Ísland ljóstengt.
Hefja samstarf við sveitarfélögin um gerð þjónustukorts þar sem aðgengi að opinberri þjónustu yrði kortlagt og réttur landsmanna til grunnþjónustu skilgreindur.	Þegar hafa rúmlega 50 þjónustubættir verið færðir inn á þjónustukortið eins og sjá má á þjónustukort.is . Gagnaöflun stendur enn yfir og leitað hefur verið eftir samstarfi við sveitarfélögin um að skrá og uppfæra upplýsingar um þá þjónustubætti sem þau hafa með höndum.
Stuðningur við þróunarverkefni á sviði grunnþjónustu, s.s. fjarheilbrigðisþjónustu.	Verkefnið er á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis og var undirbúið á árinu.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

* Verkefnið Ísland ljóstengt gerir ráð fyrir að 99,9% lögheimila og fyrirtækja á landinu öllu eigi kost á 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu í árslok 2021 en hér er miðað við dreifbýli





MARKMIÐ 2

Jafna tækifæri til atvinnu

Mælikvarði	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018	Atvinnu- þáttaka	Meðal atvinnu- tekjur (m.kr.)
Atvinnuþátttaka og meðalatvinnutekjur á atvinnugreinasvæðum.*	Unnið var að undirbúningi að gagnaöflun.	Gögn liggi fyrir svo að vinna megi að setningu viðmiða.	Höfuðborgarsv.: Suðurnes: Vesturland: Vestfirðir: N-vestra: N-eystra: Austurland: Suðurland:	97,9% 97,4% 98,5% 98,2% 98,8% 97,5% 97,9% 98,4%	5.398 4.675 4.929 4.882 4.503 4.784 5.214 4.655

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Styrkja sóknaráætlanir landshluta.	 Sóknaráætlanir landshluta hafa verið styrktar með ýmsum sjálfstæðum aðgerðum. Fyrst og fremst má þar nefna aðgerð C.1 á byggða-áætlun, sem er samkeppnissjóður, sem hefur það markmið að styrkja sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.
Stuðningur við sértæk verkefni til að treysta búsetu og fjölga störfum í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu o.fl.	 Samkeppnisframlögum var úthlutað á grundvelli byggðaáætlunar. Um er að ræða aðgerð A.9 Verslun í strjálbýli, B.8 Fjarvinnslustöðvar og C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.
Útfærsla á jöfnun flutningskostnaðar, m.a. vegna verslunar í dreifbýli.	 Skipaður hefur verið starfshópur sem áætlað er að skili af sér á árinu 2019.
Starfshópur mun skoða kosti þess að nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.	 Vinna við heildarendurskoðun laga um LÍN gengur vel og er þessi aðgerð hlut af þeirri vinnu. Frumvarp þessa efnis verður langt fram á haustþingi 2019.

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Stuðla að sjálfbærri þróun byggða

Mælikvarði	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Framfærsluhlutfall eftir landshlutum.**	Höfuðborgarsv.: 50,1 Suðurnes: 47,0 Vesturland: 54,4 Vestfirðir: 53,3 N-vestra: 57,9 N-eystra: 54,2 Austurland: 55,8 Suðurland: 52,5	Viðmiðið er að framfærsluhlutfall hækki ekki.	Viðmið náðist.

* Hér eru upplýsingar greindar niður á landsvæði. Upplýsingar greindar niður á atvinnugreinasvæði eru fyrirliggjandi.

** Framfærsluhlutfall: Hlutfallsfjöldi íbúa í aldurhópi 0–14 ára og 65 ára og eldri af fjölda í aldurhópi 15–64 ára.

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Áframhaldandi stuðningur og þróun á verkefninu Brothættar byggðir.

Á árinu bættust við Árneshreppur, Borgarfjörður eystri og Þingeyri. Verkefnunum í Breiðdal og Skaftárhreppi lauk. Alls voru því átta byggðarlög þátttakendur í verkefninu í árslok 2018.

Söfnun gagna og uppfærsla gagnagrunns fyrir líkan til að spá fyrir um íbúafjölda til 50 ára gert aðgengilegt á heimasíðu Byggðastofnunar.

Á árinu var m.a. þróað módel um [mannfjöldaspá](#) og birt spá til ársins 2066 um þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum.

Myndræn framsetning upplýsinga í töflum, kortum og skýrslum varðandi íbúapróun, dreifingu ríkisstarfa, hagtolur landshluta, dreifingu búfjár, stöðugreiningar landshluta og stöðugreiningu landsins.

Á [vef Byggðastofnunar](#) má finna ýmsar upplýsingar sem teknar voru saman á árinu, s.s. um fjölda og staðsetningu ríkisstarfa og atvinnutekjur 2008-2017 eftir atvinnugreinum og svæðum. Þar er einnig að finna [skýrslu um dreifingu sauðfjár](#) og þjónustukannanir sem gerðar voru fyrir Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Unnið hefur verið að því að færa heimamönnum í landshlutunum aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun. Úthlutað var styrkjum til allra sjö svæðanna.
- Verslun í strjálbýli. Verkefnið snýr að því að skjóta styrkari stöðum undir verslun í dreifbýli og minni þéttbýliskjörnum, m.a. með samspili við aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verslunum og bættri aðkomu. Veittir eru styrkir og ráðgjöf.
- Veittir voru styrkir til fjarvinnslu á fjórum mismunandi stöðum á landinu. Markmiðið er tvíþætt, að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni og koma opinberum gögnum á starfrænt form. Reikna má með að a.m.k. fjögur stöðugildi skapist.
- Þróað var líkan um þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum. Spá var gerð aðgengileg um þróun til ársins 2066.

Samgöngu- og fjarskiptamál Málefnasvið 11

Samgöngur

Í samgönguáætlun eru skilgreind fimm lögbundin markmið fyrir málaflokk 11.1 Samgöngur og miða þau að því að samgöngur séu:

1. Öruggar.
2. Greiðar.
3. Hagkvæmar.
4. Umhverfislega sjálfbærar.
5. Stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 11.1

Góður árangur náðist á sjó og í flugi á árinu í tengslum við markmiðið um öruggar samgöngur. Ekkert banaslys varð á sjó eða í flugi. Í flugi fækkaði tilkynntum alvarlegum atvikum, en fjölgaði lítillega á sjó. Því miður náðist ekki sá árangur sem stefnt var að, þ.e. að fækka alvarlegum slysum í umferðinni um 5% miðað við fimm ára meðaltal, en 18 létust í umferðinni.

Stór verkefni voru í vinnslu á árinu 2018 sem styðja við framgang markmiðanna um greiðar og öruggar samgöngur. Fjármunum var forgangsraðað til viðhalds enda mikil uppsöfnuð þörf. Fljótlega í upphafi árs blasti við að í ljósi uppsafnaðs og ófyrirséðs viðhalds var staða vegakerfisins enn alvarlegri en óttast var eftir veðurfarslega mjög erfiðan vetur. Afar brýnt er að verja þau verðmæti sem liggja í vegakerfinu, en vandinn vex ef ekki er brugðist við í tæka tíð. Veitt var því sérstaklega úr almennum varasjóði ríkisins til að auka öryggi á vegum, s.s. með auknum yfirlögnum bundinna slitlaga, viðhaldi brúa og malarvega.

Af stærri framkvæmdum ársins má nefna að vinna við Dýrafjarðargöng gekk framur vonum og áfram var unnið að smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Þá eignaðist ríkið Hvalfjarðargöng og tók við rekstri þeirra en göngin eru vel heppnuð einkaframkvæmd í samgöngum sem hefur fyllilega staðið undir væntingum. Lokið var við sérstakar öryggisaðgerðir við einbreiðar brýr á hringveginum, eins og að setja upp viðvörunarljós. Einnig var unnið að fækkun einbreiðra brúa.

Töluvert var unnið með umferðaröryggi erlendra ferðamanna en myndefni um umferðina á Íslandi var komið á framfæri við ferðamenn og samfélagsmiðlar voru einnig nýttir til auglýsinga um sama efni. Áróðursherferð gegn ölvunarakstri og notkun snjalltækja undir stýri hélt áfram og gerð voru myndbönd um öryggi um borð í skipum.

Stórum áfanga var náð í markmiðunum um hagkvæmar samgöngur hvað varðar rafræna stjórnsýslu og sjálfsafgreiðslu þegar bættist við ökutækjaskrá möguleiki fjármögnunarfyrirtækja til að sjá sjálf um eigendaskipti ökutækja. Þetta flýttir fyrir allri skráningu og eykur hagræði.

Undir markmiðunum um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og jákvæða byggðaðþróun var m.a. unnið að nýrri stefnu um almenningssamgöngur. Um er að ræða heildstæða stefnumótun á vegum ríkisins fyrir almenningssamgöngur í fyrsta sinn. Stefnan mun verða hluti af samgönguáætlun.

MARKMIÐ 1 Öruggar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2017*	Viðmið 2018	Árangur 2018
Látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á hverja 100.000 íbúa á ári.	205	191	201 eða 5,2%
Flugslysum og alvarlegum flugatvikum á 100 þúsund flugstundir fækki um að jafnaði 5% á ári.	2,23	2,01	1,64 eða -18,4%
Skráðum atvikum á sjó fækki að jafnaði um 5% á ári.	136	121	157 eða 29,8%

Aðgerðir	Framkvæmt 2018
Aukinni fræðslu og áróðri beint til erlendra ökumanna.	Afþreyingarkerfi Icelandair og samfélagsmiðlar voru nýttir til að koma áróðri um öryggi í umferðinni á framfæri við erlenda ferðamenn. Má þar nefna m.a. Elfis-myndefni .
Sjálfvirkir hraðaeftirlit með meðalhraðamyndavélum undirbúið.	Unnið var að uppsetningu meðalhraðamyndavéla í Norðfjarðargöngum og á Grindavíkurvegi. Bedið er eftir staðfestingu lögreglu til að hægt sé að taka myndavélarnar í notkun.
Efling á slysaskráningu sjóslysa með uppbyggingu rafræns gagnagrunns.	Unnið hefur verið að skráningu upplýsinga um atvik og slys á sjó á íslenskum skipum í samræmdan evrópskan gagnagrunn (EMCIP). Markmiðið er að vera í samvinnu við fleiri aðila sem skrá slys á sjófarendum, svo sem Sjúkratryggingar Íslands og tryggingafélög, svo að góður tölfræðigrunnur verði til.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2 Greiðar samgöngur

Mælikvarðar**	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Úttektarskor Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), eftirlit og stjórnsýsla.	81,55%	85%	82,7%
Einbreiðar brýr á hringveginum.	39	34***	37
Óbundið slitlag (km) á stofnvegum í grunnneti utan hálandis.****	458 km	447 km	447 km

* Grunnviðmið öryggismælikvarða í umferð, flugi og siglingum er meðaltal áranna 2013–2017. Viðmiðin eru einnig 5 ára meðaltöl.

** Notaðir eru sömu þrjú mælikvarðar og eru í fjármálaáætlun 2020–2024.

*** Gert var ráð fyrir að framkvæmdir við Hornafjarðarfliót yrði lokið á árinu sem felur í sér umbreytingu á 5 einbreiðum brúm.

**** Í grunnneti vegakerfisins eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Fækkun einbreiðra brúa á hringveginum.

Lokið var við brekkun tveggja brúa á hringveginum, yfir Stígá og Hólá. Þá var boðin út vinna við smíði tvíbreiðra brúa yfir Eldvatn, Fullsæl hjá Reykjum og Loftstaðaá.

Uppsetning viðvörunarljósá við einbreiðar brýr á hringveginum.

Lokið var við að setja viðvörunarljós á allar einbreiðar brýr á hringveginum.

Ljúka við að setja bundið slitlag á hringveginn.

Í árslok 2018 var eftir 8 km. kafli á hringveginum með malarslitlagi. Tafir voru vegna framkvæmda við Berufjarðarbotn en verkinu lýkur snemma sumars 2019.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Hagkvæmar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Samgöngukostnaður heimila (hlutfallslegur).	14,5%	14%	15,3%
Aukin sjálfsafgreiðsla viðskiptavina Samgöngustofu.	20%	30%	30%

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Átak í rafrænni stjórnáslu, s.s. rafvæðing bifreiðaskráninga, uppbygging á rafrænni landskrá flutningsaðila og endurnýjun lögskráningarkerfis sjómanna.

Bílaumboð fengu aðgang að rafrænu forskráningarkerfi bifreiðaskráninga á árinu 2018 og var það innleitt í verkferla flestra stærri umboða. Nýju upplýsingakerfi um skip og réttindi sjófarenda var komið í gagnið. Kerfið heldur utan um útgáfu skírteina, skipaskrá og skráningu eftirlits sem og lögskráningarkerfi sjómanna. Einnig var unnið að uppbyggingu á rafrænni landskrá flutningsaðila.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 4

Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall vistvænna bíla.	3,39%	5%	6,1%*
Hlutfall almenningsgangna í fjölda ferða innan höfuðborgarsvæðisins.	4%	5%	4%
Fjöldi innstiga í ferðir með Strætó.	11.737.200	12.000.000	11.400.000**

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Almenningsgöngur á landsbyggðinni endurmetnar á grundvelli markaðsgreininga með hliðsjón af áframhaldandi samstarfi við landshlutasamtökin.

Ekki tókst að ljúka við endurmat á almenningsgöngum þar sem ekki náðist að gera markaðsgreiningar.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

* Hlutfallið miðast við bíla í umferð.

** Breytingar voru á talningaraðferð hjá Strætó bs sem gæti þýtt skekkju í tölum.

MARKMIÐ 5

Samgöngur stuðla að jákvæðri byggðapróun

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Bundið slitlag (km) í byggðakjörnum þar sem íbúar eru >100 í samþættu kerfi.	28 km	14 km	28 km*
Fjöldi farþega með innanlandsflugi.	398.415	430.500	368.600

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Unnið að framkvæmdum við Dýrafjarðargöng.	Verkefnið var á undan áætlun við árslok 2018.
Unnið að endurbótum við Landeyjahöfn.	Vinna við grjótvinnslu á Seljalandsheiði fór fram í lok árs sem er undirbúningsfasi fyrir næstu skref. Verkið felst í a) lagningu vegar á eystri og vestari garði, b) uppsetningu á innsiglingartunnum við garðsenda og innri höfn og stækkun hafnarkvíar.
Ný Vestmannaeyjaferja tekin í notkun.	Verkið tafðist í skipasmíðastöð. Smíði er nú lokið en ágreiningur er um greiðslur vegna meintra viðbótarverka og tafabóta.
Aukinn stuðningur við endurnýjun hafna.	Auknar fjárveitingar fóru að mestu leyti í að endurbyggja stálþil í höfnum.
Aukin áhersla á viðhald innanlandsflugvalla.	Uppsöfnuð viðhaldsþörf hefur myndast og var unnið að viðhaldi sem og fjárfest í nýjum leiðsögubúnaði fyrir Akureyrarflugvöll.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Framkvæmdum við Bakkagöng lauk á árinu og framkvæmdum við Norðfjarðargöng lauk að mestu. Lokafrágangur fer fram á þessu ári.
- Unnin voru **drög að stefnu fyrir almenningssamgöngur**, sem verður hluti af samgönguáætlun. Um er að ræða fyrstu heildstæðu stefnumótunina á vegum ríkisins fyrir almenningssamgöngur.
- Undirbúningur flugstefnu fór fram. Sú stefna verður einnig hluti af samgönguáætlun.
- Unnið var með að beina upplýsingum til sjómanna er stuðlar að öryggi um borð í skipum. Gerðar voru auglýsingar og þættir. Áherslur ársins 2018 voru ofhleðsla smábáta og neyðarrás sjómanna
- Byrjað var á hönnun atvikaskráningarkerfis fyrir sjómenn þar sem þeir geta tilkynnt um slys og óhöpp til sjós á netinu. Stefnt er að því að ljúka við kerfið á þessu ári.
- Í herferðinni Gerum ekki neitt gegn notkun snjalltækja undir stýri voru gerðar nýjar auglýsingar. Einnig voru framleiddar nýjar auglýsingar gegn ölvunarakstri í samvinnu við Vínbúðina.

* Á árinu 2018 var boðinn út 8,8 km langur kaflí á Borgarfjarðarvegi og framkvæmdir hafnar. Næsti vegkaflí verður boðinn út í ár og til stendur að ljúka framkvæmdum við Borgarfjarðarveg á árinu 2023. Þar með verða allir byggðakjarnar landsins með fleiri en 100 íbúa tengdir vegum með varanlegu slitlagi.

- Unnið var að skiparannsóknnum á umhverfissvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá var einnig unnið tilraunaverkefni í samstarfi við útgerðar-fyrirtæki er snýr að notkun reyu sem íblöndunarefnis í eldsneyti á aðalvélar nokkurra skipa.
- Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) stóð fyrir vel heppnaðri fjölþjóðlegri flugslysaæfingu. Auk innlendra aðila, s.s. starfsfólks og nefndarmanna RNSA, aðstoðarfólks, ISAVIA, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, lögreglu og Samgöngustofu, sóttu fulltrúar frá rannsóknarnefndum sex erlendra ríkja æfinguna

Fjarskipti, netöryggi og póstmál

Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið fyrir málaflokk 11.2 Fjarskipti, netöryggi og póstmál. Eftirfarandi markmið málaflokksins eru lögbundin, en megináhersla snýr að aðgengilegum og greiðum fjarskiptum, þ.e. útbreiðsluhlutfalli og gagnaflutningshraða.

1. Aðgengileg og greið fjarskipti og póstpjónusta.
2. Örugg fjarskipti og póstpjónusta.
3. Hagkvæm og skilvirk fjarskipti og póstpjónusta.
4. Umhverfissvæn fjarskipti og póstpjónusta stuðli að jákvæðri byggðaðþróun.

Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 11.2

Töluverður framgangur hefur verið í markmiðum fjarskiptaáætlunar. Landsátakið Ísland ljóstengt hófst árið 2016 og hefur gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir á grundvelli árlegra styrkveitinga fjarskiptasjóðs til sveitarfélaga. Í upphafi árs 2018 var samið við 24 sveitarfélög um 450 m.kr. styrki úr sjóðnum til ljósleiðara-tenginga 1.050 dreifbýlisstaða utan markaðssvæða. Undirbúningur styrkúthlutunar vegna ársins í ár hófst í fyrrahaust þar sem um 2.000 styrkhæfir staðir voru undir fyrir tímabilið 2019–2021, en verkefnið í heild nær að óbreyttu til um 6.000 staða á landsvísu. Þá hefur farsæl uppbygging fjarskiptainnviða um áratuga-skeið, með markmið fjarskipta að leiðarljósi, skilað þeim árangri að Ísland komst í fyrsta sæti á heimsvísu í fjarskiptum á mælikvarða Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) árið 2017 og hélt sætinu 2018.

Í lok árs 2018 var stórt skref stigið í netöryggismálum þegar frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða var lagt fram á Alþingi. Verði það að lögum markar það tímamót sem fyrstu heildstæðu lög hérlendis um netöryggi. Jafnframt fæli það í sér verulega eflingu netöryggissveitar Póst- og fjarskiptastofnunar. Einnig var unnið að netgátt til að tilkynna um öryggisbresti í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun, Persónuvernd, lögreglu og Þjóðskrá Íslands. Áætlað er að gáttin verði komin í notkun á þessu ári.

MARKMIÐ 1

Aðgengileg og greið fjarskipti

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að 100 Mb/s.	80%	78–90%	78%
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að 1 Gb/s.	30%	73%	73%
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að ljósleiðaratengingu.	64%	76%	76%
Aðgengi lögheimila að farsíma og/eða farneti.	99,9%	99,9%	99,9%

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða. Ríkið styrkir ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum í gegnum fjarskiptasjóð. Þriðja aðgerðaárið af fimm.

Landsátakið Ísland ljóstengt hófst árið 2016 og hefur gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir á grundvelli árlegra styrkveitinga fjarskiptasjóðs til sveitarfélaga. Í upphafi árs var samið við 24 sveitarfélög um 450 m.kr. styrki úr sjóðnum til ljósleiðaratenginga 1.050 dreifbýlisstaða utan markaðssvæða. Undirbúningur styrkúthlutunar vegna ársins 2019 hófst um haustið þar sem um 2.000 styrkhæfir staðir voru undir fyrir tímabilið 2019–2021 en verkefnið í heild nær að óbreyttu til um 6.000 staða á landsvísi.

Undirbúa innleiðingu 5G-tækninnar í íslenskt samfélag, sem lið í að mæta áskorunum fjórðu iðnbyltingarinnar.

Undirbúningur Póst- og fjarskiptastofnunar hófst á afmörkuðum þáttum og má þar helst nefna tíðnimál, þróun og útbreiðslu fastaneta og farneta, þá einkanlega 5G-neta, til að styðja nýsköpun og þjónustu til framtíðar. Sá undirbúningur stóð enn yfir í árslok. Ljóst er að verkefnið mun þróast samhlíða því að ýmsar þarfir skýrast.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Örugg fjarskipti

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Eftirfylgni við ráðleggingar háskólans í Oxford.		Yfirferð og greining á ráðleggingum í skýrslu Oxford-háskóla.	Greining á tillögum í skýrslu út frá verka-skiptingu innan netöryggisráðs.
Talsamband/háhraðanet á vegum utan þéttbýlis.	95,6/82,7%	89/80%	89%/80%
Talsamband/háhraðanet á vegum sem liggja 200 m yfir sjávarmáli.	90,1/66,2%	87/68%	87%/68%

Aðgerðir

Framkvæmt 2018

Innleiðing, endurskoðun og framkvæmd netöryggisstefnu stjórnvalda, þ.m.t. efling netöryggissveitar. Aðgerðir taki mið af niðurstöðum Oxford-skýrslunnar.

Frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða var lagt fram á Alþingi í desember. Markar frumvarpið tímamót sem fyrsta heildstæða netöryggislagafrumvarpið hérlendis.

Endurskoðun á netöryggisstefnunni fór fram og er nú hluti af fjarskiptaáætlun.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3 Örugg fjarskipti

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Verð á fjarskiptaþjónustu í samanburði við önnur OECD-ríki. Fjöldi þjónustubátta í flokki 25% landa með hagkvæmustu verð.	80%	80%	80%

Aðgerðir

Undirbúningur fyrir afnám einkaréttar á póstmarkaði með opnun markaðarins og tryggingu á alþjónustu.

Framkvæmt 2018

Frumvarp til laga um afnám einkaréttar á póstmarkaði var lagt fram á Alþingi í nóvember og er í meðförum þingnefndar.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 4 Örugg fjarskipti

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Árangur 2018
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að ljósleiðaratengingu.	64%	70%	76%
Aðgengi lögheimila að farsíma- og/eða farneti.	99,5	99,9%	99,9%

Aðgerðir

Öryggi vegakerfis eftl og á fjölförnum ferðamannastöðum með aukinni útbreiðslu farsíma-/farnets.

Framkvæmt 2018

Niðurstöður mælinga á gæðum farnetsþjónustu á vegum landsins gerðar aðgengilegar á vef Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá vinna fjarskiptafyrirtækin kerfisbundið að endurbótum og uppfærslu farnetskerfa víða um landið, ýmist með hliðsjón af skilyrðum tíðniút- hlutana eða á markaðsforsendum.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Fjarskiptasjóður styður markvisst við uppbyggingu fjarskiptainniða utan markaðssvæða, s.s. með stuðningi við uppbyggingarvinnu Neyðarlínunnar. Við val á heppilegum radíófjarskiptastöðvum er ætíð horft til hagsmuna samgöngukerfisins.

Yfirlit um ráðstöfun varasjóða ásamt skuldbindandi styrk- og samstarfssamningum

Varasjóðir ráðuneytisins eru á fjárlagaliðnum 10-998. Annars vegar er um að ræða varasjóð málaflokks 11.1 Samgöngur og hins vegar 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Fjárveiting á fyrrnefnda liðnum nam 59,6 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2018, en til viðbótar fluttist jákvæður höfuðstóll að fjárhæð 7,0 m.kr. frá árinu 2017. Á síðarnefnda liðnum nam fjárveiting 6,8 m.kr., en til viðbótar fluttust 6,7 m.kr. frá innanríkisráðuneyti* á fjárukalögum 2018. Samtals var ráðstafað 66,3 m.kr. úr varasjóði málaflokks 11.1 á árinu 2018 og var sú fjárhæð nýtt til kaupa á aðflugsbúnaði (ILS) á Akureyrarflugvelli.

11.1 Samgöngur	Fjárhæð	11.3 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	66,3	Staða varasjóðs í upphafi árs	13,5
10-552 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	-66,3	Staða varasjóðs í lok árs	13,5
Staða varasjóðs í lok árs	0		

Fjárhæðir í milljónum króna

Yfirlit yfir skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga

Heiti/ lýsing á samning	Ábyrgð	2018	2019	2020	2021	2022	Gildir til
Byggaáætlun, Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða, aðgerð C.1.	SRN	120,0	100,0	74,0	70,0	0,0	2022
Byggaáætlun, Fjarvinnslustöðvar, aðgerð B.8.	SRN	25,0	28,0	13,0	0,0	0,0	2021
Byggaáætlun, Verslun í strjálbýli, aðgerð A.9	SRN	8,2	10,8	4,4	4,4	0,0	2022
Byggaáætlun, Ísland ljóstengt, aðgerð A1.	SRN	0,0	85,0	69,0	0,0	0,0	2021
Norðurslóðaráætlun ESB (NPA).	SRN	58,7	58,7	58,7	0,0	0,0	2020
Samtals		211,9	282,5	218,6	74,4	0,0	

Fjárhæðir í milljónum króna


* Innanríkisráðuneyti skiptist í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmálaráðuneyti um mitt árið 2017.

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Grafið hér á eftir sýnir uppsöfnuð rekstrarfrávik hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaliðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum höfuðstól frá árinu 2017. Niðurstaðan bendir til að flestir fjárlagaliðir sem heyra undir ráðuneytið hafi verið með jákvæðan höfuðstól um síðustu áramót. Vegagerðin er þó undantekning, en liðlega 1. ma.kr. rekstrarhalli var hjá stofnuninni samkvæmt bráðabirgðatölum. Hluti af hallanum er vegna rekstrar fyrri ára.

Rétt er að taka fram að myndin segir ekki alla söguna varðandi frávik einstakra stofnana og verkefnaliða. Þannig eru frávik í fjárfestingum í samanburði við fjárfestingarframlög ekki sýnd í grafinu. Þetta kemur í flestum tilfellum ekki að sök þar sem fjárfestingar stofnana í almennum rekstrarfjármunum eru yfirleitt lítið hlutfall af heildarfjárveitingu ársins. Hjá stofnunum eins og Vegagerðinni geta frávikin hins vegar skekkt myndina mun meira. Eins og áður greinir var liðlega 1. ma.kr. rekstrarhalli hjá stofnuninni á árinu 2018. Á hinn bóginn voru fjárfestingar liðlega 5 ma.kr. lægri en fjárfestingarframlög ársins. Þannig má segja að rekstur stofnunarinnar hafi verið jákvæður um 4 ma.kr. ef horft er bæði til rekstrar og fjárfestinga á árinu 2018.

Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða 2018



Fjárhæðir í milljónum króna



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Ársskýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 - 101 Reykjavík
545 8200 | srn@srn.is

Júlí 2019 | ISBN 978-9935-494-02-3

Ábyrgðarmaður: Sigurður Ingi Jóhannsson
Umsjón: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

@ 2019 – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

stjornarradid.is

Ársskýrsla samgöngu- og
sveitarstjórnarráðherra
2018